*Alþingi*
*Erindi nr.* Þ 133/364
*komudagur* 28.11.2006

Þroskahjálp

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 27. nóvember 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Heyrnar- og talmeinastöð, 274.mál.

Landssamtökin Þroskahjálp gera athugasemd við 6.grein frumvarpsins þar sem fjallað er um gjaldtöku fyrir þjónustu Heyrnar- og talmeinastöðvar. Það er eindregið álit samtakanna að draga skuli úr kostnaði fólks vegna nauðsynlegrar þjónustu sem hlýst af fötlun einstaklings. Hætt er við að gjaldtaka fyrir þá þjónustu sem hér um ræðir geti haft áhrif á möguleika fólks til að nýta sér nauðsynlega þjónustu og hjálpartæki og þar með möguleika einstaklinganna til að vera þátttakendur í samfélaginu.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar

Gerður A. Árnadóttir, formaður

Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri